

Verkefna- og styrktarsjóður HSP



1. Sjóðurinn heitir Verkefna- og styrktarsjóður HSP og var stofnaður á ársþingi HSP 2021 með stofnframlagi þáverandi innistæða Afreksmanna-, Aksturs- og Fræðslusjóðs HSP.
2. Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla íþrótta- og félagsstarf á sambandssvæði Héraðssambands Píngeyinga.
3. Stjórn sjóðsins er skipuð formanni, gjaldkera og ritara HSP. Hlutverk hennar er að gera tillögu að úthlutun fjár úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.
4. Tekjur sjóðsins eru:
 - a. Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum samkvæmt reglugerð um skiptingu á lottótekjum sambandsins.
 - b. Frjáls framlög og söfnunarfé.
5. Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi:
 - a. Verkefni sem styðja afreksíþróttafólk í að sækja sér þjálfun eða taka þátt í mótum sem eru viðbót við reglubundna þjálfun eða keppni.
 - b. Þátttöku þjálfara, starfsfólks og stjórna í námskeiðum, ráðstefnum eða fundum sem er íþróttalífi og félagsstarfi í héraði til bóta.
 - c. Námskeiðahaldi aðildarfélaga og sérráða fyrir iðkendur, þjálfara, dómara eða sjálfbóðaliða. Skilyrði er að opið sé fyrir þátttöku frá öllum aðildarfélögum HSP.
 - d. Aksturskostnað vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, í skipulögðum íþróttaæfingum á vegum aðildarfélaga HSP.
 - e. Nýjungar og sérstök verkefni.

Stjórn sjóðsins skal setja sér vinnureglur vegna úthlutunar styrkja og ákveður styrkuppþæðir hverju sinni, þ.m.t. hámarksuppþæðir til einstaklinga/hópa og fjölda styrkja til sama einstaklings/hóps/verkefnis innan sama árs.
6. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og skulu umsóknir berast fyrir 15. maí vegna fyrri úthlutunar og fyrir 15. nóvember vegna seinni úthlutunar. Heimilt er að veita úr sjóðnum við fyrri úthlutun 50% af því fé sem í honum er ásamt 50% af tekjuafgangi síðasta árs og við síðari úthlutun því fjármagni sem eftir er í sjóðnum. Styrkuppþæðir fara eftir fjármagnsgetu sjóðsins.
7. Eingöngu félagsmenn aðildarfélaga HSP geta sótt um styrk úr sjóðnum, sérráð og stjórnir aðildarfélaga HSP. Sjóðurinn styrkir eingöngu þá sem iðka/þjálfra íþrótt sína og/eða keppa og starfa undir merkjum HSP og aðildarfélaga þess.
8. Umsóknum skal skilað til skrifstofu HSP á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur m.a.: Nafn félags; nafn umsækjanda/ábyrgðarmanns, símanúmer, netfang og reikningsupplýsingar; heiti verkefnis og lýsing á verkefninu sem sótt er um; fjármögnun og aðrir sjóðir sem sótt er í; fyrirhuguð ráðstöfun styrks og upphæð sem sótt er um ásamt fylgiskjölum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði s.s. leita umsagnar annarra aðila og krefjast staðfestingar á verkefninu t.d. með afritum af reikningum og kvittunum.
9. Styrkþegar skulu skila stuttri greinargerð um framgang verkefnisins að því loknu.
10. Sjóðsstjórn forgangsraðar umsóknum og metur hverja til samþykktar eða synjunar og skal á hverju ársþingi HSP gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum. Sjóðsstjórn ber ekki að rökstyðja tillögur sínar.
11. Reglugerð þessi tekur gildi þegar ársþing HSP hefur samþykkt hana.